

88. fundur

88. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, föstudaginn 5. nóvember 2021, kl. 10:00.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Guðmundur Pétursson, Ásgeir Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Pálmi Freyr Randversson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. **Framkvæmdaþing – undirbúningur.**

Framkvæmdaþingið verður haldið fimmtudaginn 25. nóvember, kl. 16:00 í Hljómahöll. Auk sveitarfélaganna hafa Isavia og Kadeco hafa staðfest þátttöku. Áætlaður kostnaður er kr. 322.500,-. Framkvæmdastjóra falið að bjóða á fundinn.

2. **Tilboð frá Reykjavík Economics vegna Suðurnesjalínu 2.**

Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram frá síðasta fundi. Fyrir fundinum liggur tilboð frá Reykjavík Economics er snýr að því að taka saman upplýsingar og leggja mat á hvað það kostar samfélagið og sveitarfélögin að leggja ekki Suðurnesjalínu II. Verkefnið snýr ekki að því hvort línan verði í lofti eða jörð.

Stjórn Heklunnar samþykkir að taka tilboðinu að því gefnu að fjármunir séu tryggðir til verkefnisins. Framkvæmdastjóra Heklunnar, formanni stjórnar og formanni SAR falið að vinna málið áfram.

3. **Atvinnustefna – áfangi 2.**

Fyrri hluti atvinnustefnu Heklunnar var kynntur sveitarstjórnarfólki á Suðurnesjum á aðalfundi S.S.S. Til að ljúka við vinnu að öðrum áfanga hennar þarf að liggja fyrir afstaða sveitarfélaganna á Suðurnesjum um það hvort fýsilegt sé að gera eina atvinnustefnu fyrir svæðið. Lokaafurð af slíkri stefnu gæti t.d. verði samantekt sem væri sett fram eins og Invest Iceland, þ.e.a.s. Invest Reykjanes. Mikilvægt er að hlutverk Heklunnar sé skýrt.

Stjórn Heklunnar felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður stjórnar.

4. **Atvinnuleysistöður**

Skráð atvinnuleysi á landinu var 5,0% í september mánuði en atvinnuleysi á Suðurnesjum var 9,1% sem er lækkun um 0,6% frá ágúst mánuði. Atvinnuleysi meðal karla á Suðurnesjum var 8,3% en 10,2% meðal kvenna í september.

Alls komu 709 störf inn á markaðinn í september og voru auglýst hjá Vinnumálastofnun. Um það bil 56% þeirra starfa voru á höfuðborgarsvæðinu en 15% á Suðurnesjum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large '15' and a signature that appears to be 'Pálmi Freyr'.

Meðfylgjandi tala sýnir atvinnuleysistölur frá janúar til september 2021.

	Jan-21	Feb-21	Mar-21	Apr-21	May-21	Jun-21	Jul-21	Aug-21	Sep-21
Reykjanesbær	24.1%	23.8%	22.9%	21.4%	17.8%	13.1%	11.0%	9.9%	9.3%
Grindavíkurbær	14.4%	14.4%	14.2%	14.0%	11.5%	9.0%	7.3%	6.7%	5.8%
Sveitarfélagið Vogar	14.8%	14.8%	13.8%	13.3%	12.0%	9.4%	8.0%	6.4%	5.3%
Suðurnesjabær	16.6%	16.3%	15.8%	14.8%	13.1%	11.0%	9.5%	9.0%	8.7%

Alls eru 1453 einstaklingar í atvinnuleit á Suðurnesjum og má sjá búsetu þeirra skipt niður á sveitarfélög.

	Jan-21	Feb-21	Mar-21	Apr-21	May-21	Jun-21	Jul-21	Aug-21	Sep-21
Reykjanesbær	2,717	2,693	2,595	2,480	2,110	1,564	1,309	1,176	1,109
Grindavíkurbær	276	277	274	274	232	181	147	136	117
Sveitarfélagið Vogar	116	116	108	107	99	78	66	53	44
Suðurnesjabær	333	327	317	303	276	231	200	190	183
Samtals fj. einstakl.	3,442	3,413	3,294	3,164	2,717	2,054	1,722	1,555	1,453

Af 1453 einstaklingum sem eru í atvinnuleit hafa 784 þeirra verið án atvinnu lengur en í 12 mánuði.

Suðurnes	Jan-21	Feb-21	Mar-21	Apr-21	May-21	Jun-21	Jul-21	Aug-21	Sep-21	Hlutf.
0-6 mánuðir	1,353	1,119	897	675	539	444	390	359	399	27%
6-12 mánuðir	1306	1480	1435	1453	1104	639	456	349	270	19%
Lengur en 12 mánuðir	783	814	962	1036	1074	971	876	847	784	54%
Samtals	3,442	3,413	3,294	3,164	2,717	2,054	1,722	1,555	1,453	100%

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.

Þingstjórnir Suðurnesja
 Ráðgjafi
 Pétur
 Gunnar Hannay
 Farnir Jónsson
 Berglind Þrustsdóttir